

Góðir ráðstefnugestir

Ég gat þess í setningarræðu minni við upphaf þessarar ráðstefnu, að Alþýðusambandið hafi einsett sér að reyna að skapa þjóðarsátt um velferðarkerfið. Það sem hér hefur verið kynnt, eru útfærslur á sumum þeim þáttum sem við teljum að séu nauðsynlegir til að slík sátt geti skapast.

Vissulega höfum við ekki fjallað um allt það sem skiptir máli. Til dæmis má benda á, að hér er ekki fjallað um skattkerfið, þó það sé hverjum manni ljóst að útfærslur þar skipta verulegu máli fyrir afkomu fólks. Þetta er þó með vilja gert, því í gangi er skoðun á kostum þess að taka um þrepskipt skattkerfi hér á landi og meðan þeirri vinnu er ekki lokið, teljum við ekki tímabært að setja fram nákvæmar útfærslur á því.

Það sem hér er kynnt er því áfangi á langri vegferð. Við ætlum ekki að láta hér staðar numið, því eftir rétt tæpar tvær vikur efnir Alþýðusambandið til málþings á Grand Hótel í Reykjavík. Þar ætlum við að halda áfram þessari umræðu – í þetta sinn með þátttöku forystumanna þeirra stjórnmalaflokka sem bjóða fram til Alþingis.

Í opnu bréfi til þeirra er spurt ýmissa spurninga og þeir beðnir að bregðast við þeim. Við væntum mikils af þessari umræðu og viðbrögðum stjórnmalaflokkanna. Við munum vitaskuld fylgjast grannt með því hver þau verða, því framtíð velferðarkerfisins hlýtur að miklu leyti að mótast af viðhorfum og áherslum þeirra stjórnmalaflokka sem fara með landsstjórnina.

Ég vil sérstaklega þakka Stefáni Ólafssyni prófessor fyrir hans framlag – bæði á þessari ráðstefnu og á þeirri sem hér var haldin fyrir tæpum tveimur árum. Innlegg hans þar hafði mikil áhrif á vinnuna sem hefur verið í gangi síðan.

Jafnframt vil ég þakka biskupi Íslands, herra Karli Sigurbjörnssyni, fyrir hlýjar kveðjur í garð Alþýðusambandsins af þessu tilefni. Ég vil biðja fulltrúa hans hér að færa honum þær kveðjur.

Um leið og ég þakka öllum þeim sem hér eru fyrir komuna, vil ég nýta tækifærið og bjóða öllum að koma á málþingið annan apríl næstkomandi.

Ég þakka framsögumönnum og fundarstjóra og slít með þeim orðum þessari ráðstefnu.